


Ég undirrituð, sem foreldri barna með málþroskafrávik, styð neðangreinda tillögu. Það er úti hött að biðtími eftir talþjálfun sé eins langur og raun ber vitni og að ekki sé hægt að bjóða uppá talþjálfun í leikskólum landsins svo að ekki þurfi að keyra langar leiðir til að sækja þjónustuna

Með vinsemd og virðingu


Elín Ragnarsdóttir
Mosfellsbæ

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 80 — 80. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Eygló Harðardóttir, Skúli Helgason, Þráinn Bertelsson, Margrét Tryggvadóttir, Lilja Mósesdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ólöf Nordal.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoða málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun með markvissri aðgerðaáætlun í samræmi við niðurstöður skýrslu um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 140. löggjafarþingi (794. mál). Skýrslubeiðni um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun var fyrst lögð fram á 139. löggjafarþingi (530. mál) og var beiðnin endurflutt á 140. löggjafarþingi (þskj. 378, 321. mál). Mennta- og menningarmálaráðherra lagði svo fram skýrslu um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun á 140. löggjafarþingi (þskj. 1088).